

Reykjavík, 27. febrúar 2026

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögreglulögum
(verndarsamkomulag ESB)

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar á ofangreindri drögum.

Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld sem og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Félagið hefur jafnframt mikla reynslu af sálfélagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og inngildingar (e. *inclusion*). Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu félagsins til 2030 og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum.

Rauði krossinn hefur áhyggjur af þeim skerðingum á réttindum umsækjenda um alþjóðlega vernd sem felast í þeim áætluðu lagabreytingum sem kynntar hafa verið undanfarið. Sem bakhjarl fólks á flótta vill félagið brýna stjórnvöld til að viðhafa mannúð og sanngirnisjónarmið í garð einstaklinga í þessari viðkvæmu stöðu.

Félagið tekur í öllum grundvallaratriðum undir framkomna umsögn Félags talsmanna umsækjenda um alþjóðlega vernd um ofangreind drög, sjá hér

<https://samradapi.island.is/api/Documents/134af6b4-ce13-f111-9bd6-005056bcce7e>

F.h. Rauða krossins á Íslandi

Nína Helgadóttir

sérfræðingur í málefnum farenda